



LOKAYFIRLÝSING

Norrænnar ráðstefnu um slag og gáttatif 25 febrúar 2012

Slag (*heilablóðfall*) er eitt af okkar stærstu lýðheilsuvandamálum. Það er þriðja algengasta orsök dauðsfalla og algengasta orsök alvarlegrar fötlunar. Slag hefur því alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir einstaklinginn, fjölskyldu hans, heilbrigðisþjónustuna og samfélagið.

Mikilvægustu áhættuþættir slags er hár aldur, háþrýstingur, gáttatif (*atrial fibrillation*), reykingar, sykursýki, hátt kólesteról og hreyfingarleysi.

Aðal orsök slags er háþrýstingur, en tíðni gáttatifs fer vaxandi og veldur um 15-20% af blóðþurrðarslögum. (*Segarek frá hjarta olli 36% slaga á Íslandi árið 2008 skv. rannsókn Ágústs Hilmarssonar*).

Gáttatif er algengasta orsök óreglulegs hjartsláttar, en um 6 milljónir manna í Evrópu hafa þennan kvilla. Einstaklingar með gáttatif eru í mikilli hættu að fá blóðþurrðarslag. Blóðþurrðarslag vegna gáttatifs er alvarlegra en slag af öðrum toga, veldur meiri fötlun og oftar dauða. Hægt er að koma í veg fyrir mörg slík slög með rétttri og tímanlegri greiningu og meðferð. Greining og meðferð þessara sjúklinga mun því bjarga mannlífum og leiða til sparnaðar í heilbrigðisþjónustu.

Við biðjum stjórnvöld og heilbrigðisyfirvöld að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slög og að draga úr hættu á blóðþurrðarslagum af völdum gáttatifs.

Skjót greining bjargar mannlífum.

- Við skorum á heilbrigðisyfirvöld að standa fyrir upplýsingaherferðum þar sem áhersla er lögð á áhættuþætti slags, gáttatifs og mikilvægi þess að púlsinn sé kannaður.

Meiri áhersla verði lögð á fyrirbyggjandi meðferðir við slagi.

- Við viljum að slag og blóðþurrðarslag vegna gáttatifs hafi meiri forgang í heilbrigðiskerfinu. Landsskráningu verði komið á sem sýnir fjölda, gerðir og orsakir slaga auk dreifingu eftir kyni og aldri.

Betri greining og meðferð fólks með gáttatif getur koma í veg fyrir slag.

- Heilbrigðisyfirvöldum verði gert að innleiða alþjóðlega viðurkenndar læknisfræðilegar leiðbeiningar um forvarnir og meðferð gáttatifs til að koma í veg fyrir slag.

Aukin þekking og betri starfshættir í heilbrigðiskerfinu munu bæta forvarnir og meðferð slags.

- Fagleg þjálfun í greiningu, meðferð og endurhæfingu sem og góð samskipti milli grunn og sérhæfðrar læknisfræðilegrar þjónustu eru nauðsynleg.

Betri tækni og nýrri lyf í forvörnum, greiningu og meðferð ætti að vera aðgengileg eins fljótt og kostur er.

- Koma skal með alla slagsjúklinga strax á sjúkrahús með sérhæfða slagdeild til að fá bestu mögulega meðferð.
- Ný lyf sem auðveldara er að nota og bæta lífsgæði fólks eiga að vera aðgengileg.